

FYLGISEÐILL: UPPLÝSINGAR FYRIR NOTANDA LYFSINS

Vidisic 2 mg/g augnhlaup

Karbómer

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega þar sem hann veitir mikilvægar upplýsingar um notkun lyfsins.

Þetta lyf er fáanlegt án lyfseðils. Engu að síður er nauðsynlegt nota Vidisic á réttan hátt til að ná sem bestum árangri.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðum.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður aukaverkana sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar.

Í fylgiseðlinum:

1. Upplýsingar um Vidisic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Vidisic
3. Hvernig nota á Vidisic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Vidisic
6. Aðrar upplýsingar

1. UPPLÝSINGAR UM VIDISIC OG VIÐ HVERJU ÞAÐ ER NOTAÐ

Vidisic er notað sem gervítar í stað táravökva þegar skortur er í framleiðslu hans.

Vidisic er notað við augnþurrki eins og t.d. við glæru- og tárusigg. Einnig við hornvefsmyndun í hornhimnu og augnslímhúð vegna augnþurrks.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. ÁÐUR EN BYRJAÐ ER AÐ NOTA VIDISIC

Ekki má nota Vidisic

- ef þú ert með ofnæmi fyrir cetrímíði eða öðrum innihaldsefnum Vidisic.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Vidisic

- Augnlinsur skulu fjarlægðar úr auga áður en Vidisic augnhlaup er notað, og ekki settar aftur í fyrr en eftir 30 mín. Því lyfið inniheldur rotvarnarefnið cetrímíð sem getur litað augnlinsur.

Notkun annarra lyfja

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð, einnig þau sem fengin eru án lyfseðils.

Ef önnur augnlyf eru notuð samtímis á að setja þau í augað a.m.k. 5 mín. á undan Vidisic.

Meðganga og brjóstgjöf

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Þungaðar konur og konur með barn á brjósti mega nota lyfið.

Akstur og notkun véla

Jafnvel þó að lyfið sé notað eins og ráðlagt er, getur það tímabundið valdið óskýrri sjón og sjúklingar ættu að sýna gætni við akstur bifreiða og stjórnun vélknúinna ökutækja.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. HVERNIG NOTA Á VIDISIC

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef þú ert ekki viss um hvernig á að nota lyfið leitaðu þá upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur skammtur er einn dropi í hvort auga 3-5 sinnum yfir daginn eða eftir þörfum og áður en farið er að sofa nema annað sé tekið fram og í samræmi við alvarleika og hvernig einkennum lýsa sér.

Vidisic hlaup er hægt að gefa sem dropa og er þess vegna auðvelt og þægilegt í notkun. Við gjöf í auga, er túpunni haldið í lóðréttri stöðu svo að litlir dropar myndist og detti auðveldlega úr túpuoddinum. Vegna þess hversu seigjustigið er hátt er Vidisic hlaup sérstaklega hentugt í meðferð á alvarlegum einkennum augnþurrks. Verndarhimna með töluverða viðloðun myndast, sem heldur hornhimnunni og augnslímhúðinni rakri í ákveðinn tíma, þannig að í alvarlegum tilfellum er nóg að nota lyfið sjaldan (að meðaltali 4-5 skipti á dag) til að draga úr einkennum og ná bata.

Vidisic hlaup þolist vel; það er hægt að nota á öruggan hátt í ráðlögðum skömmtum og oftast ef þörf er.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er notaður

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Leitið til læknisins eða lyfjafræðing ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. HUGSANLEGAR AUKAVERKANIR

Eins og við á um öll lyf getur Vidisic valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir eru venjulega vægar svo sem tímabundnar sjóntruflanir.

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita ef vart verður við aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar. Þar með er hægt að tilkynna aukaverkanir til Lyfjastofnunar og bæta þannig þekkingu á aukaverkunum.

Sjúklingar og aðstandendur þeirra geta einnig tilkynnt aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar. Leiðbeiningar eru á heimasíðu Lyfjastofnunar (sjá „Aukaverkanir“) www.lyfjastofnun.is.

5. HVERNIG GEYMA Á VIDISIC

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Geymsluþol lyfsins er í samræmi við fyrningardagsetningu, sem er á umbúðum þess. Eins og með öll augnlyf, má aðeins nota lyfið í 4 vikur eftir að umbúðir hafa verið rofnar.

Ekki má að fleygja lyfjum í skólplagnir eða heimilissorp. Leitið ráða hjá lyfjafræðing um hvernig heppilegast er að losna við lyf sem ekki þarf að nota lengur. Þetta er gert til þess að vernda umhverfið.

6. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hvað inniheldur Vidisic

- Virka innihaldsefnið er karbómer.
- Önnur innihaldsefni eru cetrimíð, sórbítól, natríumhýdroxíð og sæft vatn.

Pakkningastærðir

10 g túpa.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Dr. Gerhard Mann,
Chem.-pharm. Fabrik GmbH,
D-13581 Berlín,
Þýskaland.

Umboðsaðili

Actavis Group hf,
Reykjavíkurvegi 76-78,
220 Hafnarfjörður.

Þessi fylgiseðill var síðast samþykktur 02/2011.